

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1983:

Gullbringusýsla:

Nesbú á smábýli (alifuglabú) í landi Hlöðuness, Vatnsleysustrandarhreppi.

Borgarfjarðarsýsla:

Móar á smábýli (iðnaðarbýli) í landi Heyness, Innri-Akraneshreppi.

Laxeyri á smábýli í landi Stóra-Áss, Hálsahreppi.

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:

Hrútsholt II á nýbýli í landi Hrútsholts, Eyjahreppi.

Bolungarvík:

Minni-Hlíð á smábúi (alifuglabúi) í landi eyðijarðarinnar Minni-Hlíðar, Bolungarvík.

Strandasýsla:

Víkurbú á loðdýraræktarbýli í landi eyðijarðarinnar Skeljavíkur, Hólmavíkurhreppi.

Austur-Húnavatnssýsla:

Sölvatunga á iðnaðarbýli í landi Finnstungu, Bólstaðarhlíðahreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Langhús á sameinuðum jörðunum Langhúsum og Dæli, Haganeshreppi. Jafnframt var nafnið Dæli fellt niður.

Stekkjargborg á nýbýli í landi Páfastaða, Staðahreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Dýrholt á loðdýraræktarbýli í landi Sökku, Svarfaðardalshreppi.

Brekkulækur á nýbýli í landi Syðri-Varðgjár, Öngulstaðahreppi.

Norður-Múlasýsla:

Öxl á nýbýli í landi Syðri-Víkur, Vopnafjarðahreppi.

Hjarðarhvoll á sameinuðum jörðunum Hjarðarhvoli og Kóreksstaðagerði, Hjaltastaðahreppi. Jafnframt var nafnið Kóreksstaðagerði fellt niður.

Suður-Múlasýsla:

Eyri á sameinuðum jörðunum Eyri I og Eyri II, Fáskrúðsfjarðahreppi. Jafnframt voru nöfnin Eyri I og Eyri II felld niður.

Austur-Skaftafellssýsla:

Klettabrekka á nýbýli í landi Árnanes, Nesjahreppi.

Rangárvallasýsla:**Norðurbær II** á þjónustubýli í landi Gunnarsholts, Rangárvallahreppi.**Brekkugerði** á þjónustubýli í landi Gunnarsholts, Rangárvallahreppi.**Vestmannaeyjar:****Snæfell** á smábýli (refabúi) í landi Lyngfells, Vestmannaeyjum.**Árnessýsla:****Böðmódsstaðir IV** á garðyrkjubýli í landi Böðmódsstaða I, Laugardalshreppi.**Þórustaðir II** á nýbýli í landi Þórustaða, Ölfushreppi.**Hrauntún** á þjónustubýli í landi Þorleifskots, Hraungerðishreppi.**Stóra-Sandvík V** á þjónustubýli í landi Stóru-Sandvíkur I, Sandvíkurhreppi.**Stóra-Sandvík VI** á þjónustubýli í landi Stóru-Sandvíkur I, Sandvíkurhreppi.**Súluholt III** á smábýli í landi Súluholts, Villingaholtshreppi.

Menntamálaráðuneytið, 29. desember 1983.

F. h. r.

Runólfur Þórarinsson.